

Ed.

357. Frumvarp til laga

[204. mál]

um heimild til að setja á fót vinnslustöðvar á sviði sjávarútvegs.

Flm.: Steingrímur Hermannsson.

1. gr.

Óheimilt skal að stækka eða setja á fót nýjar vinnslustöðvar á þeim sviðum sjávarútvegs, sem háð eru aflatakörkunum, sem sjávarútvegsráðherra ákveður, án sérstaks leyfis, sbr. 2. gr. Þess skal gætt, að fyrirhuguð framleiðsluaukning rúmist innan þeirra aflamarka, sem ákveðin hafa verið á viðkomandi sviði og fyrir viðkomandi svæði.

2. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið veitir umrædd leyfi samkvæmt ákvörðun þriggja manna nefndar, sem sjávarútvegsráðherra skipar. Einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins, annar samkvæmt tilnefningu stjórnar Fiskveiðasjóðs Íslands, en sá þriðji án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Leitað skal umsagnar Hafrannsóknastofnunar um leyfisumsóknir.

3. gr.

Opinberum sjóðum og öðrum lánastofnunum skal óheimilt að veita lán til umræddra framkvæmda eða rekstrar, fyrr en leyfi, sbr. 1. gr., liggur fyrir.

4. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um sama efni var lagt fram á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Í greinargerð með því frumvarpi sagði svo m. a.:

„Með stóráukinni sókn á flestum eða öllum sviðum sjávarútvegs hefur reynst nauðsynlegt að takmarka veiðar eftir ýmsum leiðum. Við rækju- og humarveiðar hefur t. d. bæði aflatími og aflamagn verið ákveðið af sjávarútvegsráðuneytinu, og svipað má segja um veiðar á hörpudiski á ákveðnum svæðum. Ljóst virðist jafnframt, að takmarkanir á afla af krabbadýrum og skelfiski munu færast í vöxt. Heimild til veiða á þessum sviðum er jafnframt háð leyfum, sem sama ráðuneyti veitir, og eru þau leyfi bundin við ákveðin svæði.

Við fiskveiðar eru friðunaraðgerðir aðrar. Þar er lögð áhersla á að friða hrygningar- og uppeldisstöðvar. Beinar takmarkanir á aflamagni eða leyfisveitingar, þar sem veiðar eru á annað horð leyfðar, virðast fremur ósennilegar við slíkar veiðar.

Ljóst er, að ofangreindar aflatakmarkanir, einkum í sambandi við veiðar á skelfiski og krabbadýrum, hljóta að hafa bein áhrif á eðlilega afkastagetu í landi og arðsemi vinnslufyrirtækja. Með of mörgum slíkum fyrirtækjum á ákveðnu svæði má auðveldlega kippa rekstrargrundvöllinum undan atvinnurekstrinum á svæðinu öllu með stóralvarlegum afleiðingum fyrir viðkomandi byggðarlag.

Sjávarútvegsráðuneytið ákveður með reglugerðum umræddar aflatakmarkanir. Hins vegar hefur virst lítil eða engin samræming á byggingu vinnslustöðva og þess háttar aflatakmarkana á viðkomandi sviðum. Um það má nefna ýmis dæmi, sem ekki verða þó rakin í þessari greinargerð. Á þessu þarf að verða breyting.“

Í meðferð sjávarútvegsnefndar bárust fjórar umsagnir um frumvarpið. Þær voru frá Framkvæmdastofnun ríkisins, sjávarútvegsráðuneytinu, Útvegsbanka Íslands og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna mælir gegn samþykkt frumvarpsins. Hinir aðilarnir allir telja eðlilegt og jafnvel nauðsynlegt, að eftirlit sé haft með því, hvar vinnslustöðvar eru settar á fót, þar sem afli er takmarkaður og veiðar bundnar leyfum. Bankaráð Útvegsbanka Íslands tekur ekki afstöðu til þess, hvort slíka samræmingu eigi að tryggja með löggjöf eða með almennri stjórn fjárfestingarlána. Sjávarútvegsráðuneytið telur, að opinberar lánastofnanir eigi fyrst og fremst að kynna sér þessar aðstæður og annan grundvöll fyrir stofnun slíkra vinnslustöðva, áður en þær veita fjármagn til þeirra. Ráðuneytið bendir jafnframt á, að í frumvarpið vantaði ákvæði um heimild til þess að setja nánari reglur um framkvæmd í reglugerð og einnig um viðurlög við brotum. Framkvæmdastofnun ríkisins telur, að hér sé hreyft nauðsynjamáli, en vekur athygli á því, að leyfis til stækkunar á þeim vinnslustöðvum, sem fyrir eru, þurfi einnig að krefjast.

Í samræmi við þær umsagnir, sem bárust, hefur verið bætt í 1. gr. frumvarpsins ákvæði um stækkun vinnslustöðva. Með tilvísun til ábendinga um nauðsynlega samræmingu við lánastofnanir er nú lagt til í 2. gr., að sjávarútvegsráðuneytið veiti umrædd leyfi samkvæmt ákvörðun þriggja manna nefndar, sem í sitji fulltrúar slíkra aðila. Ætti þannig að vera tryggð nauðsynleg samræming.

Einnig hefur verið bætt við nýrri grein um heimild til þess að ákveða með reglugerð nánari framkvæmd laganna.

Ekki þótti ástæða til þess að setja í frumvarpið ákvæði um viðurlög. Ljóst er, að sjávarútvegsráðuneytið hefur slíkt í hendi sér. Til dæmis virðist sjálfsagt, að veiðiheimildir séu bundnar því skilyrði, að afla sé ekki landað hjá vinnslustöðvum, sem brotlegar hafa gerst við lög þessi.